

Ár 2009, föstudaginn 17. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands

I.

Kjararáð úrskurðaði hinn 7. júní 2007 að ekki skyldi lengur heyra undir ráðið að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands. Undanskilinn var skrifstofustjóri starfsmanna-skrifstofu fjármálaráðuneytis. Úrskurður þessi var kveðinn upp í samræmi við lög nr. 47/2006 um kjararáð, en samkvæmt þágildandi 1. gr. þeirra laga skyldi ráðið ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo væri háttað um að þau gætu ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Skyldi ráðið sjálf skera úr um til hvaða ríkisstarfsmanna ákvörðun þess um laun og starfskjör skyldi ná í nánari atriðum en í lögnum greindi. Með lögum nr. 168/2007, sem tóku gildi 29. desember 2007, var lögum um kjararáð breytt þannig að auk þeirra sem áður voru upp taldir í 1. gr. laganna skyldi kjararáð ákveða laun ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands og forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáð tók hinn 27. ágúst 2008 ákvörðun um almenna hækkun á launum þeirra sem undir ráðið heyra. Ákvörðunin náði þó ekki til skrifstofustjóra Stjórnarráðsins þar sem launakjör þeirra hafa verið til sérstakrar skoðunar. Hinn 20. desember 2008 voru lög nr. 148/2008 samþykkt á Alþingi, en þau fólu í sér breytingu á lögum nr. 47/2006 um kjararáð. Við lögin bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem sagði að þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. laga um kjararáð skyldi ráðið fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð sem fæli í sér 5-15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilda skyldi frá 1. janúar 2009 og skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða þann úrskurð til hækkunar til ársloka 2009. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða laun annarra sem undir það heyra til samræmis. Með úrskurði dagsettum 27. desember 2008 ákvað kjararáð að laun alþingismanna skyldu lækka um 7,5% og laun ráðherra um 14-15% frá 1. janúar 2009. Hinn 23. febrúar 2009 tók kjararáð ákvörðun um að laun embættismanna, annarra en dómara og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, skyldu lækka um 5-15% og tók sú ákvörðun gildi 1. mars 2009. Þá ákvað ráðið hinn 10. mars 2009 sambærilega lækkun launa dómara frá 15. mars 2009.

Með þessum úrskurði eru skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands ákveðin laun miðað við núverandi skipulag Stjórnarráðsins. Höfð er hliðsjón af þeirri hækkun sem varð á launum embættismanna á árinu 2008, en jafnframt er tekið tillit til þeirrar launalækkunar, sem kjararáði var með lögum nr. 148/2008 gert að ákveða þeim sem undir það heyra þar sem hin lögbundna lækkun launa er meiri en hækkun sem varð á launum með áðurgreindri ákvörðun kjararáðs á árinu 2008 munu laun skrifstofustjóra lækka við þennan úrskurð, en þó mismunandi mikið.

II.

Kjararáð sendi ráðuneytisstjórum allra ráðuneyta bréf, dagsett 1. febrúar 2008, þar sem óskað var eftir upplýsingum um skipulag ráðuneytanna, þar með talið hvernig þau skiptust í skrifstofur, hver væru verkefni hvernar skrifstofu, hverjir hefðu skipun sem skrifstofustjórar í ráðuneytunum,

hvaða skrifstofum þeir stýrðu og hvaða starfsmenn heyrðu undir hvern skrifstofustjóra. Svör ráðuneytisstjórnanna bárust með bréfum dagsettum á tímabilinu 11. febrúar til 18. mars 2008. Þeir komu einnig á fund kjararáðs á tímabilinu 1. til 29. apríl 2008 og gerðu nánari grein fyrir starfsemi og skipulagi ráðuneytanna og störfum skrifstofustjórnanna. Í bréfunum kom meðal annars fram að sjötíu og níu hefðu þá skipun sem skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands auk eins sem ekki var skipaður. Auk þess voru fáeinir skipaðir skrifstofustjórar fulltrúar ráðuneyta sinna í Brüssel. Skrifstofur í ráðuneytum voru samtals sextíu og átta og starfsmenn á hverri skrifstofu allt frá einum og upp í rúmlega fimmtíu. Á níu skrifstofum voru einn til tveir starfsmenn að meðtöldum skrifstofustjórum. Sjö skrifstofustjórar stýrðu ekki skrifstofu en störfuðu á skrifstofum undir stjórn annarra. Síðan þá hafa orðið fáeinar breytingar á skipulagi ráðuneyta og störfum einstakra skrifstofustjóra.

Í bréfum dagsettum 9. apríl 2008 (misritaðist 2005) tilkynnti kjararáð skrifstofustjórum að það hefði ákveðið að taka laun þeirra til endurskoðunar með tilliti til verkefna, umfangs, ábyrgðar og álags í starfi. Var þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, annars vegar um laun skrifstofustjóra almennt og hins vegar um eigin launakjör. Þá var óskað eftir að fram kæmu upplýsingar um verkefni og starfsmannafjölda þeirrar skrifstofu sem viðkomandi stýrði og hvort og þá hvernig skrifstofan tengdist undirstofnunum ráðuneytisins. Auk þess voru þeir beðnir um að gera grein fyrir því hvort aukastörf eða hlunnindi fylgdu starfinu. Þá var skrifstofustjórum gefinn kostur á að tilnefna þrjá til fjóra fulltrúa úr sínum hópi til að koma á fund kjararáðs til að ræða kjör skrifstofustjóra almennt. Svör bárust frá fjörutíu og átta skrifstofustjórum en ekki voru tilnefndir fulltrúar af þeirra hálfu til viðræðna við kjararáð.

Í bréfunum gerðu skrifstofustjórar grein fyrir verkefnum sínum og skrifstofanna. Þá lýstu margir skoðun á kjörum skrifstofustjóra almennt og skipulagi ráðuneyta. Margir töldu að laun þeirra hefðu ekki hækkað til samræmis við aðra hópa. Sumir töldu eðlilegt að laun skrifstofustjóra væru hlutfall af launum ráðuneytisstjóra. Fram kom sú skoðun að skrifstofur í flestum ráðuneytum væru of litlar og þar af leiðandi væru skrifstofustjórar óþarflega margir. Virtist ástæða fjölgunar skrifstofustjóra vera launalegs eðlis frekar en skipulagsleg nauðsyn. Til að koma betri stýringu á starfsemi ráðuneyta hefðu sum ráðuneytin tekið það til bragðs að setja upp starf sviðstjóra sem væri stjórnunarlega ábyrgur fyrir fleiri en einni skrifstofu. Væri það ekki eins og lög um Stjórnarráð Íslands gera ráð fyrir. Þá kom fram í bréfunum að verkefni væru mismunandi og álag og umfang mismikið.

III.

Í lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum, segir að Stjórnarráðið greinist í forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgöngu- ráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og viðskiptaráðuneyti. Lögunum var síðast breytt með lögum nr. 109/2007, en með þeim var Hagstofa Íslands lögð niður sem sérstakt ráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð. Þessi breyting tók gildi um áramótin 2007-2008. Um leið voru iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti skilin að eftir að hafa verið rekin sem eitt ráðuneyti um nokkurt skeið. Auk þess voru ýmis verkefni flutt á milli ráðuneyta, en í reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 er gerð grein fyrir verkefnum ráðuneyta.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, sem kynntur var 10. maí 2009 kemur fram að ríkisstjórnin hyggist fækka ráðuneytum í áföngum úr tólf í níu og breyta verkaskiptingu. Forsætisráðherra hefur nýlega lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. september næstkomandi. Verði frumvarpið að lögum mun kjararáð taka til skoðunar hvort tilefni verði til frekari breytinga á launum skrifstofustjóra, en í þessum úrskurði er gengið út frá þeirri skipan sem nú er í gildi. Sama á við ef aðrar breytingar verða á Stjórnarráðinu eða innan einstakra ráðuneyta.

Um skipulag ráðuneytanna segir í 7. gr. laganna um Stjórnarráð Íslands, að ráðherra kveði á um skiptingu ráðuneyta í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum. Í 10. gr. segir að ráðuneytisstjórar stýri ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra og í 11. gr. að skrifstofustjóri stýri skrifstofu og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra. Í 13. gr. segir að ráðherra skipi ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn. Í flestum ráðuneytum er einn skrifstofustjóranna staðgengill ráðuneytisstjóra.

Almennt er skrifstofum ráðuneyta ekki skipt í deildir. Þó eru nú um þrjátíu starfsmenn stjórnarráðsins með starfsheitið deildarstjóri, þar af stýrir um einn tugur deildum, flestir í menntamálaráðuneytinu. Skrifstofur eru margar og oft mjög litlar og ekki stýra allir skrifstofustjórar skrifstofu eins og fram kemur í kafla II. Í utanríkisráðuneytinu þar sem eru 17 skrifstofustjórar, hefur verið gripið til þess ráðs að skipta ráðuneytinu í þrjú svið auk rekstrar- og þjónustuskrifstofu. Sama fyrirkomulag er í heilbrigðisráðuneytinu en þar eru skrifstofustjórar níu og sviðstjórar þrír. Sviðstjórar, sem eru skipaðir skrifstofustjórar, samræma störf nokkurra skrifstofa sem eru undir stjórn annarra skrifstofustjóra. Í utanríkisráðuneytinu eru sumir skrifstofustjóranna sendiherrar sem gegna tímaubundið störfum skrifstofustjóra á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Starfsmenn ráðuneytisins eru rúmlega eittundrað og tíu, þar af er um helmingur á almennri skrifstofu. Fulltrúar ráðuneytisins hafa bent á að utanríkisráðuneytið hafi sérstöðu þar sem sendiráðin og sendiskrifstofur erlendis séu í raun hluti af ráðuneytinu, en ekki sjálfstæðar einingar. Fastir starfsmenn ráðuneytisins séu því meira en tvö hundruð sem taki við fyrirmælum frá starfsmönnum þess á aðalskrifstofunni í Reykjavík. Þá séu ótaldir ólaunaðir ræðismenn Íslands. Viðskiptaráðuneytinu er ekki skipt í skrifstofur enda eru starfsmenn þess fáir eða um tuttugu að meðtöldum ráðherra, bílstjóra hans og aðstoðarmanni. Þar af eru fjórir skrifstofustjórar og einn starfsmaður er í Brussel. Af þessari lýsingu sést að skipulag ráðuneytanna er mismunandi og virðist ekki alltaf vera eins og gert er ráð fyrir í lögum um Stjórnarráðið. Skrifstofur eru ýmist kallaðar skrifstofur eða svið og eins og að framan greinir samræma sumir sviðstjórar störf nokkurra skrifstofa. Þá eru ráðuneytin misstór eins og skrifstofurnar. Á stærstu skrifstofunni eru rúmlega fimmtíu starfsmenn, á annarri eru starfsmenn rúmlega þrjátíu, á um fimmtán skrifstofum eru starfsmenn milli tíu og tuttugu, um tuttugu eru með sex til níu starfsmenn, tæplega þrjátíu skrifstofur hafa tvo til fimm starfsmenn og um tíu skrifstofustjórar starfa ýmist undir stjórn annarra eða eru einir á skrifstofu. Stjórnun er því mismikill hluti af starfi skrifstofustjóra, í sumum tilvikum mjög lítill. Skrifstofustjórar hafa umsjón með málaflokkum og ábyrgð og álag ræðst meðal annars af þeim og stærð skrifstofa.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands skulu skrifstofustjórar stýra skrifstofum ráðuneytanna undir umsjón ráðuneytisstjóra. Þeir gegna því mikilvægu hlutverki í stjórnsýslunni. Eins og rakið hefur verið að nokkru í kafla III eru störf þeirra mjög fjölbreytt og ábyrgð og umfang er mismikið. Álag á hvern skrifstofustjóra getur verið breytilegt meðal annars vegna eðlis verkefnanna og mismunandi pólitískra áherslna. Þá getur álag breyst í kjölfar breytinga á skipulagi ráðuneytanna og Stjórnarráðsins.

Kjararáð ákvað að kynna skrifstofustjórum fyrirhugaða ákvörðun um skipan þeirra í einingafjölda og var þeim með bréfum dagsettum 10. júní 2009 gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum og andmælum á framfæri við kjararáð. Samkvæmt henni skyldu skrifstofustjórar raðast í þrjá launaflokka. Í fyrsta flokki (I) yrðu skrifstofustjórar sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra eða sviðstjóra, í öðrum flokki (II) yrðu aðrir skrifstofustjórar, að frátöldum staðgenglum ráðuneytisstjóra, en þeir skyldu skipa þriðja flokkinn (III). Einingar væru ákveðnar sérstaklega fyrir hvern skrifstofustjóra. Bréf, dagsett á tímabilinu 19. júní til 9. júlí 2009, bárust frá 32 skrifstofustjórum og einum ráðuneytisstjóra. Margir skrifstofustjórar gerðu athugasemdir við fyrirhugaðan einingafjölda og töldu skorta upplýsingar um hvernig hann væri ákveðinn. Ekki væri samræmi milli einingafjölda og yfirvinnu og væru yfirvinnutímar fleiri en einingar sem greiddar væru fyrir yfirvinnu. Fram kom óánægja hjá nokkrum skrifstofustjórum sem raðast í fyrsta flokk, einkum þeim sem heyra undir annan skrifstofustjóra eða sviðstjóra. Sú skoðun kom fram að fyrirhugaður úrskurður tæki ekki nógu mikið tillit til ábyrgðar og álags og að ekki væri nógu mikill munur á launum þeirra skrifstofustjóra, sem mest álag væri á og bæru mesta ábyrgð, og þeirra sem ekki stýrðu skrifstofum. Sumir fengu ekki séð að tekið væri tillit til þeirrar almennu hækkunar sem kjararáð ákvað öðrum á árinu 2008 og spurt var hvernig kjararáð hygðist bæta skrifstofustjórum upp að þeir hefðu farið á mis við hana. Sumar konur í hópi skrifstofustjóra töldu að þeim væri mismunað á grundvelli kynferðis. Nokkrir töldu laun sín mundu lækka of mikið miðað við laun annarra skrifstofustjóra og embættismanna. Fram kom það sjónarmið að það skyti skökku við að lækka laun þegar álag á skrifstofustjóra væri mest. Einnig kom fram sú skoðun eins skrifstofustjóra að kjararáði væri ekki heimilt að lækka laun þeirra nema með því að lækka laun þeirra tímabundið fyrir dagvinnu. Þá vöktu nokkrir skrifstofustjórar athygli á því að lækkunin mundi leiða til þess að undirmenn þeirra yrðu í sumum tilvikum með hærri laun en þeir.

V.

Kjararáð hefur ekki áður tekið sérstaka ákvörðun um laun skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, en þeir hafa tekið laun samkvæmt eldri ákvörðunum kjaranefndar auk þeirra almennu hækkana sem kjararáð hefur ákveðið að frátalinni hækkun sem varð 1. maí 2008. Kjaranefnd tók fyrst ákvörðun um laun skrifstofustjóra 16. júní 1997, en þeir færðust undir úrskurðarvald

nefndarinnar með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Með lögum nr. 47/2006 var kjararáð stofnað og skyldi það taka við verkefnum Kjaradóms og kjaranefndar. Í 5. gr. laganna sagði að ráðið skæri úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skyldi ná í nánari atriðum en tilgreint var í 4. grein laganna. Í bráðabirgðaákvæði sagði að þrátt fyrir ákvæði 5. greinar skyldu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 sæta kjaraákvörðunum ráðsins þar til það hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skyldu ráðast með kjarasamningum þar sem því yrði við komið. Með úrskurði kjararáðs dagsettu 7. júní 2007 sagði að ákvörðun launa og starfskjara skrifstofustjóra í Stjórnarráði, annarra en skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, heyrði ekki undir kjararáð. Með lögum nr. 168/2007 var lögum um kjararáð breytt þannig að kjararáð skyldi á ný ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands. Fáeinar breytingar voru gerðar á launum skrifstofustjóra meðan þeir voru utan úrskurðarvalds kjararáðs.

Frá því að kjaranefnd ákvað fyrst laun skrifstofustjóra hefur ýmislegt breyst, meðal annars hefur skrifstofustjórum fjölgað um a.m.k. 50% og margar skrifstofur hafa minnkað. Auk þess hefur í sumum ráðuneytum verið tekið upp skipulag sem gerir ráð fyrir tvöföldu stjórnunarlagi skrifstofustjóra, þar sem sviðstjórar eru í efra stjórnunarluginu en almennir skrifstofustjórar í því neðra. Þar sem kjararáð hefur ekki áður metið störf skrifstofustjóra til launa á samræmdan hátt og ýmsar forsendur hafa breyst frá því að núgildandi laun voru ákveðin munu laun skrifstofustjóra lækka mismunandi mikið með þessari ákvörðun. Meðallaun karla og kvenna í hópi skrifstofustjóra eru sambærileg, en laun kvenskrifstofustjóra eru ívið hærri að meðaltali en laun karlskrifstofustjóra. Ekki er unnt að leggja að jöfnu fjölda eininga og fjölda yfirvinnutíma enda miðast einingar ekki við tímamælingar. Með lögum um lækkun launa þeirra sem undir kjararáð heyra nr. 148/2008, þar sem gert er ráð fyrir að hærri laun lækki meira en þau sem lægri eru, þjappast laun óhjákvæmilega saman og ekki er unnt að gera þann mun á launum eftir álagi og ábyrgð sem æskilegt væri. Kjararáð er sammála því sjónarmiði að almennt sé óeðlilegt að undirmenn séu með hærri laun en yfirmenn þeirra, en það er ekki á valdi ráðsins við núverandi aðstæður að breyta því, sbr. áðurgreind lög nr. 148/2008 og þá staðreynd að laun undirmanna skrifstofustjóra ráðast af kjarasamningum við fjármálaráðherra og stofnanasamningum.

Kjararáð hefur nú lagt samræmt mat á störf og stöðu skrifstofustjóra, óháð ráðuneytum. Rétt þótti að gera greinarmun á mánaðarlaunum skrifstofustjóra, sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra eða sviðstjóra, og mánaðarlaunum skrifstofustjóra sem stýra skrifstofu og heyra beint undir ráðuneytisstjóra. Áður hefur verið munur á mánaðarlaunum staðgengils ráðuneytisstjóra og annarra skrifstofustjóra og röðuðust staðgenglar tveimur launaflokkum ofar en aðrir skrifstofustjórar. Með þessari ákvörðun verða staðgenglar ráðuneytisstjóra áfram í sama launaflokki og áður, svo og þeir skrifstofustjórar sem ekki stýra skrifstofum eða heyra undir annan skrifstofustjóra eða sviðstjóra. Aðrir skrifstofustjórar hækka um einn launaflokk. Mánaðarlaun hækka um 20.300 krónur, en auk þess hækka skrifstofustjórar II (sjá skilgreiningu í VI. kafla) um einn launaflokk. Leitast var við að meta hver fjöldi eininga hefði orðið hjá hverjum og einum ef lög nr. 148/2008, sem mæltu fyrir um lækkun launa þeirra sem undir kjararáð heyra, hefðu ekki verið sett. Var þá einkum tekið mið af verkefnum, stærð skrifstofa og samsetningu starfsliðs þeirra, þar á meðal fjöldi sérfræðinga á hverri skrifstofu. Eins og áður segir var mat á milli ráðuneyta samræmt. Við ákvörðun launa skrifstofustjóra var að öðru leyti einkum tekið mið af launum ráðuneytisstjóra og af launum sérfræðinga í Stjórnarráðinu eftir því sem svigrúm var til, sbr. lög nr. 148/2008 þar sem mælt er fyrir um lækkun launa þeirra sem undir kjararáð heyra.

Heildarlaun voru reiknuð miðað við mánaðarlaun og einingarverð annarra en skrifstofustjóra, eins og það var ákveðið með úrskurði frá 27. ágúst 2008. Þau laun voru síðan lækkuð á sama hátt og laun annarra sem kjararáð ákveður laun, þannig að hæstu launin lækkuðu mest eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 148/2008. Lækkunin er miðuð við að lækkunarhlutfallið fari sem næst, en þó ekki upp fyrir línu sem markast af tveimur punktum, þannig að heildarlaun sem eru 1.125.000 krónur á mánuði lækki um 15% og heildarlaun sem eru 450.000 krónur á mánuði lækki um 5%. Lækkun launa skrifstofustjóra kemur eingöngu fram í lækkun einingaverðs og fækkun eininga. Einingaverð verður 1% af 126. launaflokki kjararáðs, nú 5.058 krónur, eins og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Eftir lækkun verður einingafjöldi skrifstofustjóra á bilinu 0 til 11.

Eins og fram kemur í I. kafla kvað kjararáð í ágúst 2008 upp úrskurð þar sem tekið var tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði og kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þá hefur kjararáð ákveðið lækkun launa þeirra sem undir það heyra í samræmi við lög nr. 148/2008 eins og nánar greinir í I. kafla. Sú lækkun tók gildi á tímabilinu frá 1. janúar til 15. mars 2009. Kjararáð telur að með því að laun skrifstofustjóra lækki um fimm mánuðum seinna en laun annarra sem undir það heyra sé þeim bætt upp að laun þeirra hækkuðu ekki á árinu 2008. Ákvörðun þessi nær ekki til sendiherra sem nú gegna starfi skrifstofustjóra í utanríkisráðuneytinu, en þeim hafa þegar verið ákveðin laun ásamt öðrum sendiherrum í samræmi við lög nr. 148/2008. Verði breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins eða einstakra ráðuneyta mun kjararáð taka til skoðunar hvort þær gefi tilefni til breytinga á launum skrifstofustjóra.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir, hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör skrifstofustjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

VI.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2009 skal greiða skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands mánaðarlaun sem hér segir:

Mánaðarlaun skrifstofustjóra I, þ.e. skrifstofustjóra sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra eða sviðstjóra, skulu vera samkvæmt launaflokki 502-132, nú krónur 617.144.

Mánaðarlaun skrifstofustjóra II, þ.e. skrifstofustjóra sem stýra skrifstofum og heyra beint undir ráðuneytisstjóra, að frátöldum staðgenglum ráðuneytisstjóra skulu vera samkvæmt launaflokki 502-133, nú krónur 638.033.

Mánaðarlaun skrifstofustjóra III, þ.e. staðgengla ráðuneytisstjóra, skulu vera samkvæmt launaflokki 502-134, nú krónur 659.654.

Skrifstofustjórum eru ákveðnar einingar á bilinu 0 til 11, sérstaklega fyrir hvern þeirra.

Ákvörðun kjararáðs um mánaðarlaun og einingafjölda verður birt hverjum skrifstofustjóra með bréfi.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skrifstofustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir